

Ísafjarðarbær  
Jóhann B. Helgason,  
sviðsstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
10 MARS 2009 54.23	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. mars 2009  
Tilvísun: UST20081200096/óaj

### Efni: Geirmundarstaðir, Fljótavík – byggingarleyfi

Visað er til erindis sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar dags. 15. desember 2008, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillögu af landi Geirmundarstaða í Fljótavík á Hornströndum, í samræmi við 1. gr. auglýsingar um friðlandið á Hornströndum.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir fjórum byggingarreitum þar sem heimilt er að byggja 1 frístundahús ásamt geymsluskúr innan byggingarreit/lóðarmarka. Hámarks stærð húsa er 100 m<sup>2</sup> með nýtanlegu svefnlofti. Hámarks stærð geymsluskúrs er 20 m<sup>2</sup>. Hús skulu vera úr timbri og mesta hæð mænis er 6 m á frístundahúsum en 3 m á geymsluskúrum. Nú þegar hafa 2 frístundahús verið byggð innan tveggja byggingarreita.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggur fyrir aðalskipulag fyrir umrætt deiliskipulagssvæði og því er stefnumótun umrædds skipulagssvæðis ekki að fullu ljós. Þó kemur fram í greinargerð með deiliskipulaginu að deiliskipulagið sé unnið á grundvelli aðalskipulagsins sem nú er í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hvergi komi fram í deiliskipulagsskilmálum gerð þakefnis. Telur stofnunin æskilegt að notast verði við bárujárn eða önnur sambærileg þakefni þannig að samræmt yfirbragð húsa svæðisins haldist og sjónræn áhrif nýrra bygginga verði þannig lágörkuð.

Í greinargerð með skipulaginu kemur fram að allt frárennsli frá sumarhúsunum verði leitt í þriggja hólfa rotþrær í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda og skulu rotþrær einnig taka mið af kröfum sem settar eru fram í leiðbeiningarriti Umhverfisstofnunar frá nóvember 2003 um „Rotþrær og siturlagnir“. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í greinargerð hvernig staðið verði að tæmingu rotþróa. Telur stofnunin nauðsynlegt að það komi fram í

greinargerð með skipulaginu.

Í greinargerð með skipulaginu kemur einnig fram að vegslóði liggur frá skipsflakinu Gunnvöru að Geirmundarstöðum. Liggur slóðinn frá Gunnvöru, meðfram Skjaldbreið og að Brekku. Einnig er gert ráð fyrir nýjum slóðum að Bárubæ og Skildi frá núverandi slóða. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvernig þessir slóðar verði myndaðir, hvort borið verði efni í þá eða hvort þeir verði stikaðir. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að þær upplýsingar liggi fyrir í skipulaginu.


Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir en þær sem greinir hér að framan.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. gr. auglýsingar um friðlandið á Hornströndum (Stj.tíð. B, nr. 332/1985) er mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, háð leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt framangreindri auglýsingu þarf leyfi Umhverfisstofnunar vegna þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir í Fljótavík.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson

  
Sigrún Agústsdóttir

Afrit: Hornstrandanevnd, Skipulagsstofnun

